

Þá er sumri lokið og vetrarstarfið komið í gang. Ritstjóri vill hvetja lesendur til að senda inn greinar og ábendingar um efni sem gagn og gaman er að.

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 11. tbl. 9. árg. 7. september 2015

**Myndir augnabliksins eru frá Brekkuskóla en stór hópur nemenda í 7. - 10. bekk ásamt kennurum hjóluðu Eyjafjarðarhringinn á útivistardegi skólans.**



## Alþjóðadagur læsis 8. september.

Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Í ár taka Íslendingar í sjöunda skiptið þátt í þessum alþjóðlega degi. Miðstöð skólaþróunar við HA, bókasafn HA, Amtsbókasafnið, Barnabókasetur og skóladeild Akureyrar starfa saman að undirbúningi læsis viðburða. Þema dagsins í þetta sinn er „að segja sögur“. Allir hafa gaman af því að hlusta á góðar sögur, þær búa ekki bara í bókum heldur einnig í kalli þeirra flinku sagnamanna sem finna má í hverjum bæ. Sögurnar búa líka innra með okkur sjálfum, því öll segjum við frá einhverju á hverjum degi. Fyrr á öldum var sérstakur sögustóll settur undir sagnameistarann þegar hann talaði og í ár verður þessi síður endurvakinn. Merktir sögustólar verða í Eymundsson og á Bókasafni Háskólans á Akureyri. Meðal sagnamanna dagsins eru Ahmed Essabiani, Anna Bergljót Thorarensen, Bragi Guðmundsson, Soffía Vagnsdóttir og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Öllum verður frjálst að fá sér sæti og segja sögu. Fyrirtæki og stofnanir eru hvött til að merkja hjá sér sögustól í tilefni dagsins.

Áhugaverðir viðburðir verða víða og má þar nefna sýningu á Amtsbókasafninu frá kl. 10.00 - 19.00 á myndböndum frá grunnskólanemendum sem segja sögur með hjálp snjalltækja. Hægt er að fylgjast með á Facebook síðunni: <https://www.facebook.com/althjodadagurlaesis/timeline>

## Dönsku val í Giljaskóla- danskir nemendur í heimsókn.

Í vetur er boðið upp á dönskuval í skólanum. Um er að ræða samstarfsverkefni fjögurra skóla, Gilja-, Glerár- og Síðuskóla á Akureyri og Børnernes Friskole í Aarhus í Danmörku. Nemendur í þessu vali eru 30 og danski bekkurinn telur 19 nemendur. Sótt var um styrk til Nordplus Junior sem mun fjármagna þetta verkefni að mestu. Dönsku nemendurnir koma í heimsókn til Akureyrar í vikunni 6. - 12. september. Unnin verða verkefni á dönsku sem tengjast Danmörku og Íslandi. Að auki verður farið í ýmsar ferðir s.s. heimsókn í Mývatnssveit, útsýnisferð um Akureyri og að lokum munu dönsku nemendurnir fara í Skagafjörð. Dönsku nemendurnir munu gista á gistiheimili, á heimilum íslensku nemendanna og síðustu nóttina mun svo allur hópurinn gista saman í Glerárskóla. Í apríl mun íslenski hópurinn svo fara til Aarhus þar sem áfram verða unnin sameiginleg verkefni auk ýmissar afþreyingar.

## Litbrigði læsis - ákall til foreldra.

Nú hefur foreldrum allra grunnskólabarna á Akureyri væntanlega borist bréf frá Soffíu Vagnsdóttur, fræðslustjóra Akureyrarbæjar, þar sem hún vekur athygli foreldra á læsisátaki skóla bæjarins og mikilvægi þess að allir hjálpi að við lestrarnám barna. Hún biðlar til foreldra um að vera með í lestrarátaki skólanna. Bréfið endar á eftirfarandi orðum:

"Með þessu bréfi biðla ég til ykkar allra um að vera með í lestrarátaki skólanna á Akureyri. Við ætlum okkur að ná frábærum árangri með börnin okkar. Við viljum festa í sessi þá hugsun að það er á ábyrgð okkar allra að börnin okkar verði læs. Að þau séu hvött, studd og hafi góðar fyrirmyndir. Þetta er grundvallaratriði. Í Reykjanesbæ náðist á örfáum árum frábær árangur í samræmdum prófum með sameiginlegu átaki í læsi. Þar var lyft grettistaki þar sem allir hjálpuðust að og öxluðu ábyrgð. Þetta viljum við gera á Akureyri. Við ætlum að ná árangri. Við þurfum ykkur kærur foreldra með í liðið."

Bréfið í heild sinni: <http://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/leikskolaskyrslur/litbrigdi-laesis-bref-til-foreldra-1.-september-2015.pdf>

## Fréttir af vef Grímseyjarskóla.

Grímseyjarskóli er einn af minnstu grunnskólum landsins. Nú haustið 2015 stunda 8 nemendur nám við skólann, tveir nemendur í yngri deild og sex í eldri deild. Skólinn hófst á þemadögum sem snérist um heimabyggðina. Nemendur veltu m.a. fyrir sér framtíðarmöguleikum í Grímsey, hvað vel er gert og hvað betur má fara. Farið í vettvangsferð og nemendur settu sig í spor ferðamanna sem koma með ferjunni Sæfara. Nemendur gerðu svo ritunarverkefni sem fólst í því að þau skrifuðu bréf „heim“ og voru þau bréf metnaðarfull og skemmtileg. Nú er verið að leggja lokahönd á myndbandsverkefni þar sem þau búa til fréttabátt sem samanstandur af spennandi Grímseyjar-fréttum. Farið var yfir nýjar skólareglur og bjuggu nemendur til spjöld með nokkrum umgengisreglum.

Hægt er að fylgjast með skólastarfinu í vetur á nýrri heimasíðu skólans: <http://grimseyjarskoli.weebly.com/skoacutelablogg>

**Skóla-akur er veftimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri**

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

### Hlíðarskóli í heim-sókn á slökkvistöð.

Í seinustu viku fengu nemendur að fara í heim-sókn á Slökkvistöðina á Akureyri þar sem þeir fengu að kynna því hvernig reykkafarar bera sig að við eldsvoða.



Allir fengu að prófa að fara í galla og fengu grímu sem ekkert sást út um og þurftu þau að treysta á önnur skynfæri en sjónina til að finna einstaklinginn sem lá inni í húsinu.



### Tröllaborgir 11 ára.

Leikskólinn Tröllaborgir átti 11 ára afmæli á dögunum. Af því tilefni var efnt til veislu þar sem allir komu saman, sungu og fengu popp og saltstangir, andlitsmálun og bíó. Þessar skemmtilegu myndir voru teknar af nýrri heimasíðu leikskólans: <http://trollaborgir.is/>.



### Frá Norrænu upplýsingaskrifstofunni.

#### Nýtt námsefni um baráttuna gegn matarsóun.

Með stuðningi frá Norrænu ráðherranefndinni hefst önnur umferð Loftslagsáskorunarinnar –Baráttan gegn matarsóun.

Á næstkomandi lesári 2015-16 geta bekkir á öllum Norðurlöndunum tekið þátt í baráttunni fyrir betra umhverfi gegn matarsóun. Þátttaka í Baráttunni gegn matarsóun er ókeypis og opin fyrir alla aldursflokka í grunnskólum Norðurlandanna. Samferða áskoruninni sjósetur námsgáttin [www.nordeniskolen.org](http://www.nordeniskolen.org) nýtt norrænt kennsluefni fyrir 12-14 ára nemendur um matarsóun, auðlindir og hráefni. Námsefnið er þverfaglegt, með áherslu á félags- og náttúrufræði. Lögd verður áhersla á umhverfistengdar spurningar og tekin verða fyrir norræn dæmi um hvernig hægt er að vinna að sjálfbærum lausnum.

**Auglýst eftir umsóknum í norrænu tungumálaáætlunina - Nordplus Sprog.** Auka umsóknarfrestur er til 1. október 2015.

#### Markmið áætlunarinnar er að:

- Styðja við verkefni sem auka skilning og þekkingu á norrænum tungumálum (einkum dönsku, norsku og sænsku). Sérstök áhersla er lögð á að ná til barna og ungmenna.
- Styrkja þróun námsefnis, kennsluáðferða og áætlana sem miða að þekkingu á norrænum tungumálum á öllum menntastigum. Áætlunin er opin stofnunum á Norðurlöndum og Eyrstrasaltslöndum og styrkir ýmsar tegundir verkefna: t.a.m. námskeið, fundi, ráðstefnur, rannsóknir, námsefni eða annað sem styður við formlegt eða óformlegt nám í norðurlandtungumálum. Verkefni verða að hafa kennslufræðilegt inntak og hafa tungumál sem aðaláherslu verkefnisins. Umsóknir verða að vera skrifaðar á dönsku, sænsku eða norsku. Kynnið ykkur nánar á heimasíðu Rannis: <http://www.rannis.is/frettir/nt/3295>

#### Ný verkefni á Norden i Skolen fyrir íslenska nemendur.

Á [www.nordeniskolen.org](http://www.nordeniskolen.org) getur þú nú fundið glæný verkefni, sérsniðin fyrir íslenska nemendur í 8.-10. bekk, í dönsku, sænsku og norsku. Verkefni tengjast texta og myndböndum í þremur þemum: Vinátta, Lygi og Sannleikur og Fjölbreytileiki. Efnið finnur þú í kennsluefni [www.nordeniskolen.org](http://www.nordeniskolen.org), undir „Tungumál & Menning“. Hægt er að vinna verkefnið bæði einstaklingsbundið, í samvinnu við bekkjarfélag og í umræðum í öllum bekknum.

Þar að auki er nú búið að lesa alla texta inn og þannig er hægt að nálgast alla texta í hljóðformi. Hljóðformið er splunkuný viðbót sem býður upp á spennandi möguleika á því að vinna með framburð, hlustunarskilning og hið talaða tungumál.

<http://nordeniskolen.org/fi/andret-info/nyheder/n%C3%BD-verkefni-%C3%A1-norden-i-skolen-fyrir-%C3%ADslenska-nemendur/>

### Fræðsla um köngulær hjá 5. bekk.

5. bekkingar Giljaskóla hafa undanfarið verið að kynna sér köngulær og hafa lesið sér til um þær. Farið var út í náttúrufræðitíma og var markmiðið að safna köngulóm í sýnarkrukku til að skoða betur inni í viðsjá og með stækkunargleri. Það gekk mjög vel að finna hinar ýmsu tegundir af köngulóm og nokkrar flugur og ánamaðkar fengu að fljóta með. Svo var haldið upp í stofu þar sem dýrin voru rannsökuð í bak og fyrir í viðsjá. Flestir voru mjög áhugasamir en nokkrir voru þó ekki spenntir fyrir þessum kvikindum og fóru þá bara afsíðis á meðan.



Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 17. september